

44
7. maí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. 2. a. laganna orðist svo:

Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það og hverskonar bifreiðastjórn, hvort heldur sem er til vöruflutninga eða mannflutninga.

2. gr.

Í staðinn fyrir orðin „4000 kr.“ í staflíð b. í 4. gr. komi: 6000 kr.

3. gr.

- a. Í staðinn fyrir „2000 kr.“ í fyrstu málsgrein 5. gr. komi: 3000 kr.
- b. Í staðinn fyrir „200 kr.“ á tveim stöðum í 5. gr. 4. þriðju málsgr., komi: 300 kr., og í staðinn fyrir „400 kr.“ komi: 600 kr.

4. gr.

4. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Útgerðarmenn róðrabáta og vjelbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins $\frac{7}{10}$ af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði:

5. gr.

Síðasti málsliður fyrri málsgreinar 12. gr. laganna orðist svo: Skál lögreglustjóri þá, og hvenær sem slysatryggingin óskar þess, halda próf í málinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

7. gr.

44

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella texta þeirra inn í 7. maí meginmál laga nr. 44, 27. júní 1925, og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

45

um

7. maí

um breyting á lögum nr. 53, frá 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrri málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skifta sólarhringnum í 3 vökur. Skulu $\frac{2}{3}$ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en $\frac{1}{3}$ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökum, að hver háseti hafi að minsta kosti 8 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.